

Fundargerð

276. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn í kennslustofunni í Skútahrauni, föstudaginn 21. nóvember 2025, kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmsdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Orri V. Hlöðversson, Valdimar Víðisson, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Jón Viðar Matthíasson, Birgir Finnsson, Ingveldur Lára Þórðardóttir, Ástríður Þórðardóttir og Guðný Elísabet Ingadóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

1. Árshlutauppgjör janúar - september 2025 - 2510028

Árshlutareikningur SHS janúar - september 2025 lagður fram til staðfestingar.

Niðurstaða

Stjórn staðfestir árshlutareikning janúar - september 2025 með undirritun.

Fylgiskjöl

SHS 276 1.1 Árshlutauppgjör jan. - sept. 2025.pdf

2. Skipulagsbreytingar - 2510043

Tillaga um að Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins (AHS), einbeiti sér að starfi framkvæmdastjóra AHS frá og með 1. desember 2025 til eins árs. Jafnframt verði Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri settur slökkviliðsstjóri á meðan á breytingunni stendur. Breytingin rúmast innan gildandi fjárheimilda.

Markmið breytingarinnar er m.a. að efla og samhæfa viðbragðsgetu, viðbúnað og forvarnir sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og tryggja framgang áhættumats sem unnið er af Veðurstofu Íslands.

Niðurstaða

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins samþykkir ofangreinda tillögu.

Fylgiskjöl

SHS 276 2.1 Starfslýsing slökkviliðsstjóra.pdf

SHS 276 2.2 Framkvæmdastjóri almannavarna starfslýsing.pdf

3. Breyting á stjórn - 2511020

Borgarráð Reykjavíkur hefur tilnefnt Dóru Björt Guðjónsdóttur sem varamann í stjórn SHS í stað Lífar Magneudóttur.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur tilnefnt Orra Björnsson sem varamann í stjórn SHS í stað Rósu Guðbjartsdóttur.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 276 3.1 Kosning varamanns í stjórn SHS - afgreiðsla borgarráðs.pdf

4. Önnur mál 2025 - 2501009

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 09:00.

Heiða Björg Hilmisdóttir

Orrí V. Hlöðversson

Valdimar Víðisson

Almar Guðmundsson

Regína Ásvaldsdóttir

Þór Sigurgeirsson

